


## Sylviane Pétursson-Lecoultre

Ég útskrifaðist 1977 úr iðjuþjálfadeild EESP (School of social and pedagogic studies) í Lausanne/Sviss. Ég hafði alltaf hugsað mér að vinna með fólki, sérstaklega með hugsanir, tilfinningar, edli og hvata manneskjunnar. Sálfræði og mannfræði voru spennandi starfsgreinar en mig langaði í öðruvísi nálgun. Á þessum tíma var iðjuþjálfanám mjög "empíric" en það gaf mér samt nógu mikinn grunn til að geta mótað starfsímynd mína. Mig langaði alla tíð að vinna á geðsviði, en fór samt ekki strax á þá braut. Eftir útskrift fór ég að vinna á "distrikt" sjúkrahúsi vegna þess að iðjuþjálfar þar voru ekki sérfræðingar en voru að vinna með mismunandi sjúkdómsgreiningar og skjólstæðinga (aldraða, börn og fullorðna).



Þegar ég kom til Íslands 1979 fannst mér ég þurfa fyrst að læra íslensku áður en ég treysti mér að vinna með geðsjúkum. Ég vann í Hátúni 10 B, sem var öldrunarendurhæfingardeild. Það var góður tími, sem hjálpaði mér að venjast íslensku heilbrigðiskerfi en það var ekki drauma starfið. Í febrúar 1981 byrjaði ég að vinna á geðdeild LSH og hef unnið þar síðan bæði á Hringbraut og á Kleppi.

Í gegnum iðjuþjálfastarfið mitt með geðsjúkum, sem eru enn að mínu mati minnihlutahópur, er ég að reyna að fara eftir sannfæringu minni sem einstaklingur. Ég trúi á jafnrétti, ég trúi á frelsi einstaklingsins til að velja og ég trúi á að fólk eigi ávallt að hafa rétt til að fá tækifæri til að finna nýja leiðir og fá stuðning til að gera það. Ég tel að það sé mitt hlutverk sem iðjuþjálfari að taka á móti fólki fordómalaust, vinna með einstaklingnum við að finna styrkleika og veikleika sína. Ég tel einnig að mitt hlutverk sé að hafa skapandi hugsun, sem leitar alltaf að nýjum leiðum til að aðstoða fólk að finna jafnvægi, betri líðan og ná markmiði sínu.

Ég hef aldrei séð eftir því að hafa valið þessa starfsgrein og er stolt af því að vera iðjuþjálfari. Ég hef bráðum unnið í 30 ár á sama vinnustað, en hef samt sem áður ekki verið að gera sama hlutinn í 30 ár. Það hafa verið spennandi tímar og eru spennandi tímar framundan. Starf iðjuþjálfara einkennist af fjölbreytni, sveigjanleika, skapandi hugsun og heildrænni nálgun, öllu því sem ég var að leita að fyrir 36 árum síðan þegar ég skráði mig í iðjuþjálfanámíð.